

UNGMENNASAMBAND
KJALARNESÞINGS

ÁRSSKÝRSLA



1971

FORMÁLI.

Þetta er í fimmta sinn sem U.M.S.K. gefur út fjölritaða ársskýrslu sem þessa. Það þykir nú orðið sjálfsagt að stærri sambönd og félög gefi út prentaða eða fjölritaða ársskýrslu um starfsemi hvers árs. Slíkar skýrslur eru nauðsynleg heimild fyrir seinni tíma svo og þá sem afskipti hafa af starfi þeirra.

Við höfum tekið þann kost, að gera í stuttu máli grein fyrir helztu þáttum starfsemi sambandsins, því við teljum að langt mál gefi færri sér tíma til að lesa. Nýmáli er að sagt er frá starfi félaga innan sambandsins í skýrslunni í stuttu máli.

Landsmót U.M.F.Í. á Sauðárkróki í sumar, sannar hvers ungmennafélagsskapurinn er megnugur því óhætt er að fullyrða að ekki eru baldnar fjölmennari og glæsilegri samkomur hvorki í borg eða bæ, en Landsmót ungmennafélaganna.

Um 150 manns fóru á vegum U.M.S.K. á Landsmótið í sumar og keppendur sýndu að miklar framfarir hafa orðið á íþróttasviðinu innan U.M.S.K. og fleiri félög áttu nú þátttakendur en áður.

Þá eflingu sem orðið hefur á starfseminni síðustu ár, er vafalaust að þakka að bæjar- og sveitarstjórnir á sambands- svæðinu hafa með fjárstyrkjum gert því kleift að hafa launaðan starfsmann þó ekki sé um fullt starf að ræða nema um hásumarið. Kann stjórn U.M.S.K. þeim þakkir fyrir svo og sýslunefndum Gullbringu og Kjósarsýslu og öðrum þeim sem hafa veitt sambandinu fjárstyrki á árinu.

Það er göfugt starf að leggja ungmennum þessa lands lið, til eflingar félagslegs og líkamlegs þroska og menntunar. Og það er skylda okkar að styrkja trú þess á sjálft sig og land vort.

Íslandi allt.

Stjórn Ungmennasambans Kjalarnesþings.

Á R S S K Ý R S L A

Ungmennasambands Kjalarnesþings

1 9 7 1

1. Héraðsþing og fundir.

48. ársþing Ungmennasambands Kjalarnesþings var haldið að Fólkvangi á Kjalarnesi sunnudaginn 6. desember 1970. Þingið var haldið í boði Ungmennafélags Kjalnesinga, sem sá um alla fyrirgreiðslu á þinginu. Gestir þingsins voru Hafsteinn Þorvaldsson formaður U.M.F.Í., Sveinn Björnsson varaformaður Í.S.Í., Þorsteinn Einarsson íþróttafulltrúi ríkisins og Eysteinn Þorvaldsson ritstjóri Skinfaxa, auk þess hreppsnefnd Kjalarneshrepps. Þingið sátu 37 fulltrúar frá 7 sambandsaðilum auk stjórnar og framkvæmdastjóra sambandsins Guðmundi Guðmundssyni. Handknattleiksfélag Kópavogs gekk í sambandið á þinginu. Á þinginu voru afhent verðlaun fyrir íþróttir og félagsmálastörf. Íþróttamaður ársins var kjörinn Guðmundur Þórðarson U.B.K., en viðurkenningu fyrir félagsmálastörf hlaut Stefán Ágústsson Gróttu.

Þingið fjallaði um mörg mál. Var einkum rætt um undirbúning fyrir þáttöku í 14. Landsmóti U.M.F.Í. að Sauðárkróki. Um önnur mál og samþykktir vísast til þinggerðar.

2. Stjórn U.M.S.K.

Á síðasta ársþingi báðust Pétur Þorsteinsson formaður og Stefán Ágústsson varaformaður undan endurkosningu.

Stjórn U.M.S.K. var þannig skipuð s.l. starfsár:

Formaður:	Sigurður Skarphéðinsson	Umf. Aftureldingu
Varaformaður:	Steinar Lúðvíksson	Umf. Breiðablik
Gjaldkeri:	Guðmundur Gíslason	Umf. Dreng
Ritari:	Þórhallur Þórhallsson	Íprf. Gróttu
Meðstjórn:	Júlíus Arnarson	Umf. Stjarnan
	Ólafur Friðriksson	Umf. Kjalnesinga
	Sveinbjörn Guðmundsson	Umf. Bessastaðahr.
	Þorvarður Á. Eiríksson	Handkf. Kópavogs.
Varastjórn:	Benóný Pétursson	Íprf. Gróttu
	Eggert Ólafsson	Umf. Kjalnesinga
	Einar Gunnlaugsson	Umf. Stjarnan
	Gísli B. Kristjánsson	Handkf. Kópavogs
	Páll Aðalsteinsson	Umf. Aftureldingu
	Pálmi Gíslason	Umf. Breiðabliki
	Sturla Jóhannsson	Umf. Bessastaðahr.
	Þórir Hermannsson	Umf. Dreng.

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:
 Sigurður og Guðmundur fjölluðu um félags- skipulags- og fjármál,
 Steinar og Sveinbjörn fjölluðu um frjálsíþróttir, sund og glímu,
 Júlíus og Þorvarður um knattleiki og Ólafur og Þórhallur um land-
 græðslu, skák og bridge.

3. Skrifstofa og framkvæmdastjóri.

Á árinu var skrifstofa sambandsins flutt úr Lindarbæ og á Klapparstíg 16, fékkst þar einnig aðstaða fyrir stjórnar og nefndarfundir. Framkvæmdastjóri hefur verið Guðmundur Guðmundsson. Yfir vetrarmánuðina starfaði hann hluta úr degi, en í sumar var hann í fullu starfi.

4. Fundir og þing.

Bókaðir stjórnarfundir urðu alls á árinu, allir haldnir að Klapparstíg 16. Miklu oftast hittust einstakir stjórnarmenn, einkum í samræmi við verkaskiptingu þá, er að ofan getur. For- maður og framkvæmdastjóri mættu á stjórnarfundum hjá flestum félögum í upphafi starfsárs.

Fulltrúar frá U.M.S.K. sátu flest þing sérsambanda í.S.Í. Nefndir sem störfuðu á starfsárinu voru:

- a. Landsmótsnefnd.
- b. Frjálsíþróttanefnd.
- c. Knattspyrnunefnd.
- d. Trimmnefnd.

5. Sambandsfélög og formenn.

Í U.M.S.K. eru nú 8 ungmenna og íþróttafélög með samtals 1652 félagar.

Félag	Stofnað	Félagar		
1. Umf. Afturelding Formaður: Páll Aðalsteinsson	1909	186	208	22
2. Umf. Bessastaðahrepps Formaður: Jónas Jóbannsson	1929	50	33	-17
3. Umf. Breiðablik Formaður: Gestur Guðmundsson	1950	711	820	109
4. Umf. Drengur Formaður: Hreiðar Grímsson	1915	128	132	4
5. Íþrf. Gróttta Formaður: Stefán Ágústsson	1967	306	360	54
6. Umf. Kjalnesinga Formaður: Ólafur Friðriksson	1938	44	44	
7. Handknattleiksfélag Kópavogs Formaður: Þorvarður Áki Eiríksson	1970	57	60	3
8. Umf. Stjarnan Formaður: Einar Gunnlaugsson	1960	70	284	214
			1941	389

6. Íþróttadómstóll U.M.S.K.

Íþróttadómstóll U.M.S.K. fékk tvö mál til meðferðar á árinu.

a. Kæra dags. 12. janúar 1971 frá Umf. Stjórnunni vegna leiksins Umf. Stjarnan - Umf. Breiðablik í 3. flokki í knattspyrnumóti U.M.S.K. 1970.

b. Kæra dags. 23. janúar 1971 frá knattspyrnufélaginu Haukar í Hafnarfirði vegna leiksins Haukar - H.K. í 4. flokki karla í Íslandsmótinu í handknattleik 1971.

Dómstóllinn afgreiddi báðar kærurnar á fundi 4. febrúar 1971, á þann hátt að bókuð úrslit skyldu gilda. Hvorugum dómnum hefur verið áfrýjað.

Í íþróttadómstól U.M.S.K. eru:

Ármann Pétursson, Álftanesi
Gísli Andrésson, Kjós.
Tómas Lárusson, Mosfellssveit

Varamenn: Gísli Jónsson, Kjalarnesi
Reynir Karlsson

7. Útbreyðsla og námskeið.

Áherzla hefur verið lögð á að efla útbreiðslustarfið, því að með ráðningu starfsmanns hafa möguleikarnir til þess aukist. Stjórnin ákvað á s.l. vetri að kynna starf sambandsins og aðildarfélaganna í framhaldsskólunum á sambandssvæðinu í samráði við félögin. Framkvæmdastjóra sambandsins Guðmundi Guðmundssyni var falið að annast þetta. Fyrsta kynningin fór fram í Gagnfræðaskólanum á Brúarlandi s.l. vor og þótti hún takast vel.. En því miður vannst ekki tími til að fara í fleiri skóla, þar sem söfnun auglýsinga í blað sambandsins kallaði að, en þráðurinn verður tekinn upp nú í haust.

Sumarið 1970 ákvað U.M.S.K. að gangast fyrir 1. stigs leiðbeinendanámskeiði í frjálsum íþróttum, á grundvelli og samkvæmt samningi sem gerður var á sínum tíma milli Íþróttakennaraskóla Íslands og Frjálsíþróttasambands Íslands. Námskeiðið hófst um miðjan september og var kennari ráðinn dr. Ingimar Jónsson. Kennsla fór í upphafi fram um helgar, en breyting varð þar á vegna erfiðleika þátttakenda á að mæta um hverja helgi. Verkleg kennsla fór fram í leikfimisölum skóla í Kópavogi svo og í æfingatíma hjá Umf. Breiðablik á miðvikudagskvöldum, en bókleg kennsla fór að mestu leyti fram í kennslustofu Kópavogsskóla. Upphaflega var áætlað að námskeiðinu lyki fyrir áramót, en það reyndist ekki unnt og lauk því ekki fyrr en um miðjan marz með verklegu og bóklegu prófi, sem allir nemendur luku með ágætum, en nokkrir bættu áður en námskeiðinu lauk. Þessi luku prófi: Birna Ágústsdóttir, Hafsteinn Jóhannesson og Karl Stefánsson frá Umf. Breiðabliki, Bjarki Bjarnason Umf. Aftureldingu, einnig Ágúst Ásgeirsson og Sigfús Jónsson úr Í.R. og Marínó Einarsson úr K.R. en þeim var boðin þáttaka í námskeiðinu. Hafsteinn, Karl og Bjarki hafa allir starfað að þjálfum meira og minna fyrir félögin.

8. Félagsmálaskóli U.M.F.Í.

Á s.l. vori sótti Umf. Afturelding um að fá félagsmálaskóla U.M.F.Í. nú í haust, og varð það úr að starf skólans á þessum vetri hafist hjá Aftureldingu og hófst hann 7. október s.l. Kenni er ræðumennska, fundarreglur og fundarsköp, starfshættir ungmennafélaganna kynntir og fleira. Aðalkennari er Sigfinnur Sigurðsson frá Selfossi.

9. Knattspyrnudómaranámskeið.

Mánudaginn 6. september hófst í Kársnesskóla dómaranámskeið í knattspyrnu á vegum sambandsins, kennari var Hannes Þ. Sigurðsson. Milli 15 og 20 byrjuðu á námskeiðinu en aðeins 9 þeirra luku munnlegu og skriflegu prófi þann 20. september. Verklega hlutanum ljúka þeir í haust.

10. Handknattleiksþjálfaranámskeið.

Námskeið var haldið í Íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi í september s.l. á vegum H.S.Í. Að tilhlutan U.M.S.K. sóttu 6 námskeiðið frá aðildarfélagum sambandsins.

Það voru þessir: Þorvarður Áki Eiríksson, Sveinbjörn Björnsson frá H.K., Júlíus Arnarsson frá Stjórnunni, Hörður Már Kristjánsson og Steinfríður Gunnarsdóttir frá U.B.K. og Benóný Pétursson frá Gróttu.

11. Glímkynning.

Sambandsstjórnin ákvað á s.l. vetri að hafa í samráði við Glímusamband Íslands kynningu á glímu hjá þeim félögum sem kærðu sig um. Aðeins Afturelding þáði boðið og í febrúar s.l. fóru þeir Ólafur Óskarsson formaður Glímusambandsins og Þorsteinn Kristjánsson þjálfari þess upp í Hlégarð og héldu þar fræðsluerindi og sýndu kvikmynd um Glímunu. Eftir þetta hófust reglulegar glímuæfingar hjá Aftureldingu undir stjórn Þorsteins og síðan Gríms Norðahl, sem er gamall glímumaður.

12. Badmintonþjálfaranámskeið.

Námskeið fyrir þjálfara í Badminton var haldið á vegum Badmintonsambands Íslands í september s.l. Að tilhlutan U.M.S.K. sóttu þeir Stefán Tryggvason og

13. Auglýsingablað U.M.S.K.

Í vor gaf sambandið út 64 bls. auglýsingablað til styrktar starfsemi sinni. Auk auglýsinga var efni blaðsins greinar um landsmót U.M.F.Í. frá upphafi, dagskrá 14. landsmótsins og fleiri upplýsingar um mótið. Einnig voru viðtöl og greinar um félagsstarfið.

Blaðinu var dreift endurgjaldslaust á hvert heimili á sambandssvæðinu. Hagnaður af útgáfu blaðsins var um 100.000.00 kr. Stjórn U.M.S.K. kann öllum auglýsendum í blaðinu beztu þakkir fyrir stuðninginn.

14. Íþróttá- og sumarþúðastarfsemi U.M.S.K.

Íþróttá- og sumarþúðastarfsemi ungmennafélaganna hefur stöðugt farið vaxandi ár frá ári og notið mikilla vinsælda barna og unglunga.

Í byrjun júní s.l. hófst ný grein í starfsemi Ungmennasambands Kjalarnesþings þar sem hafin var starfsemi íþróttá- og sumarþúðanámskeiða að Varmá í Mosfellssveit. Haldin voru fjögur sex daga námskeið, sem ætluð voru unglungum, drengjum og stúlkum á aldrinum 10 - 14 ára. Á námskeiðinu fengu þátttakendur tilsögn í flestum greinum íþróttá, svo sem frjálsum íþróttum, sundi og knattleikjum. Einnig var þátttakendum kynnt starfsemi ungmennafélaganna og farið var yfir frumatriði í hjálp í viðlögum.

Á kvöldin voru kvöldvökur með létt krydduðu skemmtiefni, er nemendur sáu um sjálfir. Til hvíldar og tilbreytingar voru farnar göngu- og kynnisferðir um nágrennið og meðal annars farið að Álafossi og Reykjalandi, og þar skoðuð hin umfangsmikla starfsemi, er þar fer fram. Aðstaða til gistingar var fengin í barnaskólanum og lágu kennarar og nemendur í svefnpokum á gólfinu. Mö uneyti var að Hlégarði og var frú Björg Ríkharðsdóttir ráðskona og henni til aðstoðar var Þóra Karlsdóttir. Þátttakendur í námskeiðunum voru um 80 börn og unglungar.

Annað starfsfólk námskeiðsins voru Alda Helgadóttir, fóstunemi og Júlíus Arnarsson, íþróttakennari.

15. Landsmótsferð.

Ferðin á Landsmótið á Sauðárkróki 10. - 11. júlí var mikið fyrirtæki. Undirbúningur hafði staðið lengi, enda var allt skipulag til mikillar fyrirmyndar. Stjórn U.M.S.K. hafði skipað sérstakar starfsnefndir, hverja á sínu sviði, sem unnu að undirbúningi og aðstoðuðu framkvæmdastjóran Guðmund Guðmundsson. Auk þess var skipuð sérstök landsmótsnefnd en hana skipuðu Pálmi Gíslason, Guðmundur Gíslason og Ólafur Friðriksson. Það kom fljótt í ljós að vel var fyrir öllu hugsað og varla nokkur snurða féll á þessa fjölmennu ferð. Á föstudagsmorgun lögðu tveir langferðabílar á norðurslóðir, skipaðir íþróttá-fólki U.M.S.K. og nokkrum traustum stuðningsmönnum. Nokkrir fóru á einkabílum. Formaður U.M.S.K. Sigurður Skarphéðinsson hafði þá þegar náð mjög hentugu tjaldstæði og skipulagt. Þegar hópurinn kom á leiðarenda voru keppendur flestra annara sambanda þegar komnir, urðu þar víða fagnaðarfundir. Strax var hafist handa um að tjalda. Margar hendur og vinnufúsar voru á lofti. Reis því myndarleg tjaldborg á skömmum tíma. Allur frágangur tjaldstæðisins og umhverfis það var okkur til mikils sóma svo og öll umgengni. Stóra tjaldið og matarfélagið var skynsamleg ráðstöfun, þó fleiri hafi sennilega komið í fæði en reiknað hafði verið með. Norðanmenn gættu þessvæl að fyrirbyggja háreisti við tjöld keppenda og því voru allir vel út sofnir á laugardagsmorgun er Þorsteinn Einarsson vakti mótsgesti með þróttmikilli röddu. Í skrudgöngunni lá við að

helstu stuðningsmenn okkar táruðust af gleði, svo glæsilegur var hópur okkar, fallegir búningar og léttleiki í breifingum.

Keppnisgleði einkenndi þennan hóp, hvatningarbróp U.M.S.K. eru landsfræg, og þetta mót fór að því leiti ekki hljóðlaust fram. Framfarir frá síðasta móti voru greinilegar, mestar þó í sundi, þar sem við komumst ekki á blað 1968 en áttum nú 3 sigurvegara og unnum 45 stig. Í frjálsíþróttum áttum við 6 sigurvegara, einum ferra en 1968, en nú var breiddin miklu meiri, og sigurinn tryggur. Í starfsíþróttum eigum við margt ólært en hin góða keppnisaðstaða á þessu móti gerði starfsíþróttir meira áberandi en á fyrri mótum. Í heildar stigakeppni urðum við nr. 2, aðeins 45 stigum á eftir H.S.K.. Það er því enn verkefni að vinna fyrir næsta Landsmót þó hitt sé meira um vert, samstaðan, kynni fólksins og félagslegur skilningur, ekki aðeins innan einstakra greina, heldur allra hópanna.

Allir munu hafa haldið glaðir heim á leið og þessi ferð mun seint gleymast þeim er hana fóru. Glæsileg aðstaða þeirra Skagfirðinga og framkvæmd, okkar tillegg til mótsins, og að síðustu við sjálf.

Farastjórn skipuðu auk framkvæmdastjóra: Sigurður Skarp-héðinsson, Pálmi Gíslason, Steinar Lúðvíksson og Páll Bjarnason.

16. Sýning á verðlaunagripum.

Á Landsmótinu í sumar vann U.M.S.K. allmarga verðlaunabikara og einnig einstaklingar sem kepptu fyrir sambandið. Þar sem um glæsilega gripi var að ræða þótti stjórninni til hlíða að gefa sem flestum kost á að sjá þessa gripi. Voru því fengnir að láni sýningargluggar hjá verzlunum í Garða-hreppi, Kópavogi og Seltjarnarnesi og hjá útibúi Búnaðar-bankans í Mosfellssveit og gripirnir ásamt myndum frá mótinu hafðir til sýnis þar í viku til tíu daga á hverjum stað. Vakti þetta nokkra athygli og var um leið nokkur auglýsing á starfsemi sambandsins.

17. Tugþrautarbikar U.M.S.K.

Gefandi þessa bikars er óþekktur, en hann skal veittur þeim er vinnur tugþrautarkeppni U.M.S.K.

Trausti Sveinbjörnsson hefur unnið þennan bikar tvisvar en í tugþrautarkeppni U.M.S.K. í haust varð Hafsteinn Jóhannesson sigurvegari með 5629 stig. Hlýtur hann því bikarinn til varðveislu til næsta árs.

18. Landgræðsla.

12. júní s.l. efndi U.M.S.K. til landgræðsluferðar inn í Bolabás innan við Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Þátttakendur voru 28 frá 5 félögum.

Frá Umf. Dreng	7 þáttt.
" Umf. Aftureldingu	6 "
" Handkf. Kópavogs	6 "
" Umf. Bessastaðahr.	5 "
" Íþróttaf. Gróttu	1 "

Fararstjóri var Guðmundur Guðmundsson framkvæmdastjóri U.M.S.K., en verkstjóri Ólafur Ásgeirsson frá Landvernd. Landsvæðið sem unnið var við, eru uppblásnir vatnsfarvegir í brekku og uppblásnir melar. Hópurinn dreyfði þarna 2 tonnum af áburði og 200 kg af grasfræi og stakk niður nokkur rofbörð.

Þremur dögum síðar fóru um 20 manns frá Umf. Aftureldingu undir forystu Páls Aðalsteinssonar formanns félagsins og dreyfðu 1 tonni af áburði og 100 kg af grasfræi, þarna var því alls dreyft 3 tonnum af áburði og 300 kg af grasfræi.

Árangur ferðarinnar var því all góður þrátt fyrir mikinn þurrk fyrst eftir sáningu en í haust var þar kominn umtalsverður gróður.

Á s.l. vetri var gerður samningur milli Vegagerðar Ríkisins og U.M.F.Í. um að ungmennafélögin taki að sér vinnu við landgræðslu meðfram Þjóðvegum landsins. Þessa vinnu greiði Vega-gerðin með fræi og áburði.

2 slík verkefni komu upp á sambandssvæðinu í sumar. Umf. Afturelding sáði seint í júní meðfram veginum við Úlfarsfell og upp með Hafravatni. Um 25 - 30 manns unnu við sáninguna.

19. Skák.

Sambandið tók þátt í skákþingi U.M.F.Í. 1971. U.M.S.K. lenti í riðli með H.S.H., U.M.S.B. og Ú.S.Ú. Keppni í riðlinum fór fram í Félagsheimilinu á Seltjarnarnesi 8. og 9. maí og sá U.M.S.K. um keppnina. Skákstjóri var Anton Sigurðsson. Úrslit urðu þau að U.M.S.K. sigraði og hlaut 7 vinninga af 8 mögulegum. Sveitin vann sveit U.M.S.B. með 3 1/2 gegn 1/2. Sveit Ú.S.Ú. einnig með 3 1/2 gegn 1/2. No. 2 varð U.M.S.B. með 3 1/2 vinning. No. 3 varð Ú.S.Ú. með 1 1/2 vinning. Sveit H.S.H. mætti ekki til keppni.

Fyrir U.M.S.K. tefldu:

á 1. borði	Jónas Þorvaldsson	U.B.K.
á 2. "	Björn Sigurjónsson	U.B.K.
á 3. "	Jón Pálsson	U.B.K.
á 4. "	Lárus Johnsen	U.B.K.

Úrslita keppnin fór svo fram á Landsmótinu á Sauðárkróki 10. og 11. júlí. Þar kepptu auk U.M.S.K., H.V.Í., U.M.S.E. og U.S.A.H. Úrslit urðu þau að U.M.S.K. sigraði og varð skákmeistari U.M.F.Í. annað árið í röð. U.M.S.K. hlaut 11 vinninga af 12 mögulegum.

No. 2 varð	U.M.S.E.	hlaut	7 1/2	vinning.
" 3 "	U.S.A.H.	"	4	"
" 4 "	H.V.Í.	"	1 1/2	"

U.M.S.K. sigraði U.M.S.E. með 3 1/2 gegn 1/2, U.S.A.H. með 3 1/2 gegn 1/2 og H.V.Í. með 4 gegn 0.

Fyrir U.M.S.K. tefldu:

- á 1. borði Jónas Þorvaldsson
- á 2. " Björn Sigurjónsson
- á 3. " Lárus Johnsen
- á 4. " Harvey Georgsson

20. Bridgemót U.M.S.K.

Sambandið stóð fyrir bridgemóti s.l. vetur. Það var haldið að Hlégarði 28. febrúar og 28. marz. Umf. Afturelding sá um mótið. Keppnisstjóri var Vilhjálmur Sigurðsson úr Reykjavík. Þrjú félag tóku þátt í mótinu, Umf. Afturelding, Umf. Drengur og Umf. Breiðablik og sendi hvert þeirra 4 sveitir til keppni. Auk þeirra tók ein gestasveit úr Reykjavík þátt í mótinu. Umf. Breiðablik sigraði í 3. sinn í röð og vann til eignar bikar þann er Páll Ólafsson í Brautarholti gaf til keppinnar 1968 en keppni féll niður s.l. ár.

Úrslit mótsins urðu þessi:

1. Umf. Breiðablik	2887	stig	(1441	í	fyrri	umf.)
2. Umf. Drengur	2523	"	(1263	"	")
3. Umf. Afturelding	2408	"	(1199	"	")

Stighæsta sveitin var sveit Sævins Bjarnasonar U.B.K. og hlaut hún verðlaunaskjöl að launum.

21. Glíma.

Lárus Salómonsson leiðbeindi í glímu hjá glímudeild Breiðabliks. Æfingar stóðu frá októberbyrj. til aprílloka og var æft þrisvar í viku. Þátttakendur á æfingunum voru 36 á aldrinum 12 - 16 ára. Að jafnaði voru 20 - 25 á æfingu. Auk glímunnar kenndi hann göngu og að heilsa með íslenzka fánanum. Skömmu eftir að æfingar hófust var feðrum drengjanna boðið á æfingu til að kynnast því er þar fór fram. Að loknum æfingum fóru Lárus og drengirnir í skemmtiferð austur fyrir fjall.

16. maí hélt Umf. Breiðablik innanfélagsglímumót í Kópavogi. Glímt var í fjórum aldursflokkum og voru þátttakendur alls 18.

Eins og áður er getið var kynningarkvöld fyrir íslenzku glímunu 1. febrúar s.l. í Hlégarði. Eftir það hófust reglubundnar glímuæfingar á vegum Aftureldingar. Leiðbeinendur voru Þorsteinn Kristjánsson og Grímur Norðahl. Æfingar voru að jafnaði tvisvar í viku og stóðu fram í miðjan apríl. Þátttakendur á æfingunum voru 16 - 26 á aldrinum 12 - 19 ára. Alls munu um 30 manns hafa sótt þessar æfingar. 12 þeirra sýndu glímu við 17. júní hátíðahöld í Mosfellssveit.

22. Starfsíþróttir.

Svo virðist sem áhugi fyrir starfsíþróttum sé heldur að aukast, en hann hefur verið lítill sem enginn undanfarin ár og sennilega er óhætt að fullyrða að starfsíþróttir séu hvergi stundaðar nema landsmótsár og þá með þáttöku í landsmóti í huga. Því hefur verið þannig varið hjá U.M.S.K. Þó hefur sambandið aldrei sent jafn fjölmennt starfsíþróttalið á Landsmót og í sumar. Voru þátttakendur í öllum greinum nema neta-hnýtingu og alls voru keppendur í starfsíþróttum 17. Fyrir starfsíþróttir fékk U.M.S.K. 19 1/2 stig.

Undirbúningur fyrir mótið var nú meiri en undanfarið, sérstaklega undirbjuggu stúlkurnar sig vel og einnig piltarnir í dráttarvélaakstrinum. U.M.F.Í. réð Bryndísi Steinþórsdóttur til að ferðast á milli sambanda og leiðbeina í kvennagreinunum. Nutu stúlkur U.M.S.K. leiðsagnar hennar í tvö kvöld, einnig fékk U.M.S.K. þær Sigríði Gísladóttur vefnaðarkennara og Þórunni Pálsdóttur húsmæðrakennara til að veita tilsögn eitt kvöld. Kann U.M.S.K. þeim þrem þakkir fyrir. Auk þess komu stúlkurnar nokkrum sinnum saman.

Þessar stúlkur kepptu síðan á Landsmótinu.

Í blómaskreytingu:

Guðrún Karlsdóttir	U.M.F.A., varð 7.
Helga Einarsdóttir	U.M.F.B., " 10.

Lagt á borð:

Guðrún Karlsdóttir	U.M.F.A., varð 4.
Nína Björnsdóttir	U.M.F.D., " 7.

Válsaumur:

Sæbjörg Einarsdóttir	U.M.F.B., varð 11.
----------------------	--------------------

Pönnukökubakstur:

Sólveig Mannfreðsd.	U.M.F.B., varð 9.
Pálína Sveinsdóttir	U.M.F.B., " 11.

Í dráttarvélaakstri var undirbúningur all nokkur eins og áður segir. Var sett upp keppnisbraut á Reykjamelum í Mosfells-sveit á vegum Aftureldingar. Þar fóru fram allmargar æfingar og voru það piltar úr Aftureldingu og Dreng, sem þær sóttu. Var síðan haldið úrtökumót, þeir þrír efstu æfðu sig síðan sérstaklega, en það voru Einar Magnússon úr Aftureldingu og Halldór Gíslason og Sigurjón Karlsson úr Dreng en Sigurjón stjórnaði æfingunum. Á Landsmótinu kepptu síðan þeir Halldór og Sigurjón og urðu 2. og 3. í keppinni.

Til keppni í búfjárdómum voru valdir þeir Steinar Ólafsson og Gísli Ellertsson úr Dreng og Halldór Einarsson úr Stjórninni, þeir komu saman einu sinni og báru saman þekur sínar. Á Landsmótinu varð árangur þeirra þessi:

Nautgripadómar:

Steinar	18.	Gísli	15.	Halldór	4.
---------	-----	-------	-----	---------	----

Hestadómar:

Gísli	12.	Halldór	9.
-------	-----	---------	----

Sauðfjárdómar:

Steinar	5.	Gísli	12.	Halldór	14.
---------	----	-------	-----	---------	-----

Í línubeitingu kepptu þeir Jón Ármann Héðinsson H.K., sem varð 7. og Stefán Sigurðsson U.B.K., sem varð 4. en þeir hlutu engan undirbúning fyrir keppnina.

Tveir keppendur voru í jurtagreiningu en það voru þau Helga Einarasdóttir U.M.F.B. og Gísli Pálmason U.B.K. en hann er aðeins nýu ára. Þau hlutu engan skipulagðan undirbúning fyrir mótið en árangur þeirra má teljast viðunanlegur, sérstaklega Gísla vegna þess hve ungur hann er og reyndar Helgu líka, en hún er 14 ára. Gísli varð 8. en Helga 10.

Í trjáplöntun kepptu þeir Aðalsteinn Pálsson og Bjarni Bjarnason og Sigurjón Eiríksson úr Aftureldingu. Þeir voru valdir úr hóp sem vann við trjáplöntun í skógræktarstöðinni að Mógilsá um tíma í sumar. Þeir náðu samilegum árangri miðað við að þeir eru allir ungir og landið sem plantað var í á Landsmótinu var mjög erfitt, en Aðalsteinn varð 4-5, Sigurjón 6-7 og Bjarni 8. í keppninni.

Til að efla starfsíþróttirnar þarf að veita þessum hóp, sem keppti á Landsmótinu í sumar verkefni strax að vori, til að mynda kjarna, sem síðan hlæði utan á sig. Áhugi þeirra sem tóku þátt í Landsmótinu og þeirra sem tóku þátt í æfingum þó þeir kepptu ekki, sýnir að starfsíþróttir eiga fullan rétt á sér.

23. Frjálsar íþróttir.

Í ársskýrslum U.M.S.K. undan farin ár hefur komið í ljós, að framfarir í frjálsum íþróttum innan sambandsins hafa verið miklar síðustu árin og þá jafnan tekið fram á hverju hausti, að liðið starfsár hafi verið það bezta í sögu sambandsins. En lengi getur gott batnað, því að óumdeilanlega hafa frjálsar íþróttir aldrei risið hærra en á þessu nýliðna starfsári. Enn er það svo að flestir þátttakendur eru í Kópavogi, þ.e. Breiðabliki, en áhugi fer stöðugt vaxandi hjá öðrum félögum sambandsins og er það ánægjuefni.

U.M.S.K. sigraði í hverri stigakeppni í frjálsum íþróttum, sem íþróttafólkið tók þátt í. Hæst ber sigurinn í bikarkeppni F.R.Í. svo og á Landsmóti U.M.F.Í. á Sauðárkróki. Á þessum mótum svo og öðrum, voru eftirfarandi þrjú atriði athyglisverðust. Mikil breidd, góð afrek og einstaklega góð sambeldni. Með sigrinum í Bikarkeppninni stöðvaði U.M.S.K. 5 ára sigurgöngu K.R.-inga og einnig er það í fyrsta skipti sem U.M.S.K. sigrar í frjálsíþróttakeppni Landsmótanna.

Kvennalið U.M.S.K. var mjög sigursælt að vanda og á Meistararmóti Íslands í Vestmannaeyjum sigruðu stúlkurnar í 5 greinum af 11 sem keppt var í, auk þess sem fjöldi 2. og 3. verðlauna vannst. Þessar urðu Íslandsmeistarar: Hafdís Ingimarsdóttir í langstökki (5,34 m, Íslandsmet), 4x100 m boðhlaupi og 4x400 m. Ragnhildur Pálsdóttir í 800 m hlaupi (2,29,7 sek.). Arnþrúður Karlsdóttir í kringlukasti (27,21 m). Kristín Björnsdóttir í 4x100 og 4x400 m hlaupi. Björg Kristjánsdóttir í 4x400 m hlaupi, Jensey Sigurðardóttir í 4x100 m og 4x400 m hlaupi og Kristín Jónsdóttir í 4x100 m hlaupi. Tími kvennasveitanna var 52,5 sek. í 4x100 m og 4.19,5 sek. í 4x400 m nýtt Íslandsmet.

Í Frjálsíþróttakeppni Landsmóts U.M.F.Í. sigraði U.M.S.K. með miklum yfirburðum svo og á Suðurlandsmóttinu í Vestmannaeyjum. Þá átti U.M.S.K. marga þátttakendur í utanferð U.M.F.Í. að loknu Landsmóttinu, sem allir stóðu sig með sóma. Þer þar hæst og sennilega hæst af hinum fjölmörgu góðu afrekum einstaklinga innan U.M.S.K. á árinu, Íslandsmet Hafdísar Ingimarsdóttur í langstökki 5,54 m. Hún stökk 4 sinnum á þessu sumri lengra en gamla Íslandsmetið (5,39) og bætti fyrri árangur um 56 cm. Þar sem Hafdís er aðeins 15 ára gömul, er þetta afrek hennar með því bezta sem gerist erlendis og sýnir glögg, hvaða árangur er mögulegur með reglulegri þjálfum ásamt meðfæddum hæfileikum. Einnig bætti hún árangur sinn í hlaupum stórlega, t.d. í 200 m úr 28,6 sek. í 27,0 sek.

Í keppninni „Reykjavík - Landið“ setti sveit U.M.S.K. Íslandsmet í 4x100 m boðblaupi kvenna, hljóp á 50,9 sek. Þessi sigur og met var afar karkomið, því þarna sigruðu þær sveit, sem var skipuð fjórum fljótustu stúlkum utan af landi. Þær sem hlupu í sveit U.M.S.K. voru: Jensey Sigurðardóttir, Kristín Jónsdóttir, Hafdís Ingimarsdóttir og Kristín Björnsdóttir, eða þær sömu og settu metið í fyrri, 51,8 sek. Þær Jensey, Hafdís og Kristín Bj. ásamt Björgu Kristjánsdóttur voru svo í sveit U.M.S.K. sem stórbætti Íslandsmetið í 4x400 m, hljóp á 4.19,5 mín. Allar þessar stúlkur bættu árangur sinn verulega frá fyrri ári, Jensey var meðal beztu spretthlaupara landsins, Kristín Bj. stórbætti árangur sinn í 100 m grindablaupi, 15,7 sek. úr 17,1 sek., hástökki 1,55 m úr 1,49 m en hvorutveggja eru ný héraðsmet og mjög nálægt Íslandsmetunum í báðum greinum.

Björg bætti fyrst verulega árangur sinn þegar líða tók á sumarið en þá stórbætti hún árangur sinn í 100 m grindablaupi (16,8 sek.), langstökki (5,26 m) og 400m (63,6 sek.). Hún er aðeins 15. ára.

Kristín Jónsdóttir keppti mjög lítið á árinu, þar sem hún gat ekki æft fyrr en kom fram á sumarið, en í boðblaupum sýndi hún bezt hvers hún er megnug og ekki er að efa að hún gerir stóra hluti næsta sumar, þar sem hún hefur þegar hafið æfingar af fullum krafti.

Af þeim stúlkum sem byrjuðu að keppa á árinu vakti Ragnhildur Pálsdóttir mesta athygli en þar er á ferðinni mikið efni í lengri hlaup. Hún setti Íslandsmet í öllum hlaupum frá 800 m og upp úr og á nú Íslandsmet í 1000 m og 1500 m auk þess sem tími hennar í 800 m 2.27,1 sek. er aðeins 1/10 úr sek. frá Íslandsmetinu. Með harðari æfingum í vetur á hún eflaust eftir að stórbæta árangur sinn.

Arndís Björnsdóttir bætti eigið Íslandsmet í spjótkaсти um 13 cm (38,66) og var mjög örugg á 37-40 m köstum á æfingum fyrri hluta sumars, en tókst ekki eins vel upp er á leið. En á Landsmóttinu á Sauðárkróki náði hún mjög löngu kaсти í 1. umferð en því miður var það af einhverjum óskiljanlegum ástæðum dæmt ógilt.

Fleiri stúlkur komu við sögu t.d. Gunnþórunn Geirsdóttir, sem bætti árangur sinn í kúluvarpi (9,80 m) sem var þá Íslandsmet meyja og einnig í kringlukasti, en hún meiddist smávegis í hendi í vor og virtist það há henni talsvert.

Alda Helgadóttir æfði svo til ekkert frjáltsar íþróttir en stóð fyrir sínu þegar hún keppti t.d. varð hún önnur á Landsmóti U.M.F.Í. í kúluvarpi (10.15 m).

Arnþrúður Karlsdóttir keppti fyrir U.M.S.K. í fyrsta skipti á árinu og varð Íslandsmeistari í kringlukasti eins og áður segir.

Karlaliðið var sterkara en undanfarin ár og náði fjölda verðlauna á Meistaramóti Íslands, þótt engin gullverðlaun ynnust. Miklar framfarir urðu hjá karlmönnum á árinu og þá ekki síst í lengri hlaupunum. Á árinu kom fram hlaupari sem eflaust er eitt mesta hlauparaefni sem hér hefur lengi sést. Hér er átt við Einar Óskarsson U.B.K. Hann hóf æfingar s.l. vetur og byrjaði með því að sigra glæsilega í Víðavangshlaupi U.M.S.K. Síðan stórbætti hann sveinametin í 3000 og 5000 m hlaupum, 3000 m um ca. 20 sek. og 5000 m um ca. 50 sek.

Hafsteinn Jóhannesson bætti árangur sinn stórlega á árinu í hástökki úr 1,80 í 1,90 m og var einn af þremur beztu hástökkvurum landsins á árinu og héraðsmetið bætti hann um 10 cm. Einnig bætti hann árangur sinn verulega í fleiri greinum svo sem 110 m grindahlaupi 16,1 sek. úr 16,8 sek. og tugþraut 5629 stig.

Böðvar Sigurjónsson bætti verulega árangur sinn í 800 m hlaupi (2.01,8 mín. úr 2.03,7 mín.) og einnig í 400 m hlaupi (52,6 sek. úr 54,1 sek.). Þessi afrek vann hann í Bikarkeppni F.R.Í., en þar sýndi hann einstaklega gott keppnisskap og átti stóran þátt í sigri sambandsins.

Ragnar Sigurjónsson bætti árangur sinn mjög á árinu og setti meðal annars sveinamet í 3000 m hlaupi í vor, sem félagi hans Einar Óskarsson bætti síðan. Þá bætti Ragnar einnig árangur sinn í 1500 m hlaupi (4.25,9 mín.) og 5000 m og setti sveinamet í 3000 m hindrunarhlaupi.

Ásbjörn Sveinsson hóf keppni fyrir U.M.S.K. á árinu og náði mjög góðum árangri í spjótkaсти og bætti héraðsmetið hvorki meira né minna en rúma 6 m. Kastaði lengst 56,30 m og ætti hann að geta bært sig verulega næsta sumar, því ekki skortir áhugan.

Einn mesti afreksmaður U.M.S.K. síðustu árin, Trausti Sveinbjörnsson gat því miður ekki aft sem skildi vegna tímaskorts, en náði þó bezta árangri innan U.M.S.K. í 200 m hlaupi (23,8 sek.) 400 m (51,9 sek.) og í 400 m grindahlaupi (57,0 sek.) og var í fremstu röð á landinu í þessum greinum.

Bjarki Bjarnason er fjölbæfur og náði allgóðum árangri í nokkrum greinum en hæst ber hástökkið (1,70 m).

Þorsteinn Alfreðsson keppti lítið á árinu, en í Bikarkeppninni stóð hann fyrir sínu og náði dýrmætum stigum fyrir félag sitt.

Á árinu bættist sambandinu nýr kúluvarpari, Sigurður Sigurðsson, sem náði lang bezta árangri á árinu hjá U.M.S.K. (13,55 m).

Kristinn Magnússon sem er þekktari sem körfuknattleiksmaður, hóf nú keppni í spretthlaupunum og náði mjög athyglisverðum árangri (11,4 sek. í 100 m). Kristinn er mjög mikið efni sem getur náð langt með meiri æfingu.

Helgi Hauksson batti árangur sinn verulega í þrístökki (13,39 m) og náði öðrum bezta árangri innan U.M.S.K. frá upphafi.

Gunnar Snorrason virtist til alls líklegur í vor og náði þá ágætum afrekum, en eftir 20 km götuhlaupið náði hann sér aldrei á strik.

Æskilegt hefði verið að telja upp fleiri nöfn en þetta verður að nægja. Annars staðar er getið um helztu úrslit í mótum.

Hér hefur verið minnst á afrek bezta frjálsíþróttafólks U.M.S.K. og sést á þeirri upptalningu, að afrekin eru góð og breiddin mikil og sigurinn í Bikarkeppni F.R.Í. og Landsmóti U.M.F.Í. sanna að U.M.S.K. er nú óumdeilanlega sterkasta frjálsíþróttafélag landsins. Það vekur því talsverða athygli, að U.M.S.K. skyldi ekki eiga einn einasta fulltrúa í þeim keppendahópum sem sendir voru utan á vegum F.R.Í. til keppni á s.l. sumri.

Ekki er hægt að skilja svo við frjálsar íþróttir að ekki sé minnst á þjálfarann Karl Stefánsson, en honum á íþróttafólkið ekki hvað síst að þakka árangur sinn.

24. Sund.

Sundíþróttin er stunduð hjá 2 félögum, það er Umf. Aftureldingu og Umf. Breiðablik. Hjá Aftureldingu hefur þetta verið frekar dauft en all kraftmikið hjá Breiðablik, en þar eru reglulegar æfingar 3-7 sinnum í viku allt árið, enda hafa sumir keppendur þeirra náð all langt s.s. Stefán Stefánsson sem sigraði í tveim greinum á Landsmóti U.M.F.Í. á Sauðárkróki og einnig náði hann því að verða Íslandsmeistari í 100 m baksundi drengja.

María Einarsdóttir sigraði í 100 m bringusunsi kv. á Landsmótinu og setti Landsmótsmet.

Á síðasta ári hafa verið miklar framfarir hjá sundfólki Breiðabliks, sem sést á því að öll U.M.S.K. met nema Halldórs Lárussonar, Aftureldingu hafa verið bätt á árinu og það verulega. Sundmót U.M.S.K. var haldið í Varmárlaug maí og voru þátttakendur 35, þ. e. 10 frá Aftureldingu og 25 frá Breiðablik. Í stigakeppni sigraði Breiðablik nú þriðja árið í röð og vann þar með til eignar bikar þann er Axel Jónsson gaf árið 1967. Ákveðið hefur verið að halda B-mót í sundi nú í nóvember.

Í vor fór Breiðablik í sex daga æfingabúðir að Varmá í Mosfellssveit til undirbúnings fyrir þátttöku á Landsmótinu. Þessar æfingabúðir tókust mjög vel og ætti að gera meira af því að fara með íþróttafólk í slíkar búðir. Fyrirgreiðsla heimamanna, Aftureldingar, var mjög góð, þó viljum við sérstaklega þakka Einari Kristjánssyni fyrir hans þátt allan.

Þjálfari sundfólksins er Steinar Lúðvíksson íþróttakennari. Hefur hann unnið frábært starf fyrir sunddeild Breiðabliks og byggt hana frá grunni og gert hana að því sem hún er nú.

Leggja verður áberzlu á sundið á næstu árum og nýta vel þá sundstaði á sambandssvæðinu til að fá öflugt sundlið.

25. Handknattleikur.

Handknattleiksíþróttin á sívaxandi vinsældum að fagna innan U.M.S.K. og er handknattleikur nú, ein vinsælasta íþróttagreinin.

5 félög æfa handknattleik í vaxandi mæli, U.M.F. Breiðblik, U.M.F. Stjarnan, Íþróttafélagið Gróttu, Handknattleiksfélag Kópavogs og Afturelding í Mosfellssveit. Félagin tóku öll að undanskildu Aftureldingu, þátt í Íslandsmeistaramótinu í handknattleik og sendu bæði karla og kvenna flokka í keppnina.

Útkoman var nokkuð misjöfn, en lið 2. deildar kvenna úr Breiðablik komst í úrslit í Ísl. móti og spilaði úrslitaleik við Völsunga frá Húsavík, sem Völsungar unnu. Þá komst hið unga félag H.K. í úrslitariðil Ísl. mótsins í 4. flokki karla og spiluðu þeir við Suðurlandsriðil og Norðurlandsriðil til úrslita og sigruðu K.A. með 8 gegn 2, en töpuðu fyrir Víking með 7 gegn 8.

Þá var mikið um æfingaleiki hjá félögum innan U.M.S.K. og sóttu félagin hvert annað heim.

Þá var haldið dómaramámskeið fyrir félögin, sem þátt tóku í Reykjanesriðli og voru 12 sem tóku þátt í því námskeiði, sem Hannes Sigurðsson stjórnaði. Í 40 áraafmælis-móti Hauka í Hafnarfirði keppti 4. flokkur karla úr H.K. við úrval úr Hafnarfjarðarfélagunum og mættu þeim í nafni U.M.S.K. og sigruðu með 8 mörkum gegn 5.

Mikil og góð þátttaka var í Handknattleiksmóti U.M.S.K. sem var háð í íþróttahúsinu á Seltjarnarnesi og íþróttabúsi Kársnesskóla í Kópavogi og mættu félagin í því móti með alla yngri flokka til keppni. Verðlaunagripir voru veittir er U.M.S.K. gaf til keppinnar. Mótsstjórn í handknattleiksmótinu U.M.S.K. 1971 voru Pétur Bjarnason, Stefán Ágústsson, Júlíus Arnarsson og Þorvarður Áki Eiríksson.

26. Körfuknattleikur.

Körfuknattleikur er aðeins stundaður hjá tveimur félögum, Breiðabliki og Gróttu. Breiðablik hefur lagt stund á Körfubolta í nokkur ár. Lið félagsins tók þátt í undankeppni fyrir Landsmót U.M.F.Í. s.l. vetur í nafni U.M.S.K. en tapaði fyrir Umf. Njarðvíkur og komst því ekki á Landsmótið.

S.l. vetur sendi Breiðablik lið til þátttöku í Íslands-mótinu.

Hjá Gróttu hefur verið um uppbyggingu að ræða en þeir hófu æfingar s.l. vetur og þá í "Minni Bolta" þ.e. fyrir yngstu iðkendurnar. Árangur lét ekki á sér standa og í "Minni-Bolta" móti s.l. vetur, sem haldið var í Reykjavík, varð Gróttu nr. tvö eftir tvo úrslitaleiki við Í.R. Er ekki að efa að þetta er rétta leiðin sem Gróttumenn hafa valið og verður þess sennilega ekki langt að bíða að Gróttu láti að sér kveða í Körfunni.

27. Knattspyrna.

Eins og annars staðar er það knattspyrnan sem mestrar vinsældar nýtur innan félaga U.M.S.K. Þó eru þrjú félög sem ekki leggja stund á knattspyrnu, en það eru Umf. Kjallnesinga, Umf. Drengur og Handknattleiksfélag Kópavogs.

Hjá Aftureldingu háði það æfingum að viðgerð stóð yfir í allt sumar á íþróttavelli félagsins. Ekki var tekið þátt í opinberum mótum, en áhugi er fyrir hendi hjá yngri félög-unum.

Gróttta var með lið í öllum yngri flokkunum og tók þátt í Reykjanesmótinu, Gróttumótinu og U.M.S.K. mótinu svo og Íslandsmótinu. Gróttta á engan íþróttavöll enn sem komið er og háir það þeim á knattspyrnusviðinu enda hefur dofnað yfir þeim undanfarið.

Stjarnan hefur aftur á móti knattspyrnuvöll, all góðan að vísu malarvöll, enda uppgangur á knattspyrnusviðinu hjá þeim, sem á öðrum sviðum. Þeir sendu lið á öll fyrr greind mót og einnig í meistaraflokki og voru framarlega í III. deild í sumar.

Umf. Bessastaðahrepps hefur engan knattspyrnuvöll en sparkað var bolta á túni sem félagið fékk afnot af. Ekki var tekið þátt í neinu opinberu mótum. Ekki vantar áhugan þar frókar en annars staðar, en vegna fólksfæðar er ekki hægt að mynda lið í ákveðnum aldursflokkum.

Breiðablik sendi lið í öllum aldursflokkum á öll þau opinberu mót sem haldin voru í sumar. I. deildar lið félagsins lék í nafni U.M.S.K. á Landsmótinu á Sauðárkróki í sumar en tapaði þar í úrslitaleik við Umf. Keflavíkur 1:2. Þetta lið Breiðabliks hefur vakið mikla athygli í sumar fyrir mikið baráttuþrek. Margir spáðu að liðið myndi berjast fyrir tilveru sinni í I. deild fram til síðasta leiks en svo varð ekki og er það einsdæmi um lið sem vinnur sig upp í deildina í fyrsta sinn skuli halda sæti sínu þar.

Ekki minni athygli hefur liðið vakið í Bikarkeppninni í haust og þegar þetta er skrifað er það komið í úrslit eftir að hafa unnið m.a. Íslandsmeistarana í Keflavík, og á aðeins eftir að leika úrslitaleik við Víking.

Bak við þessa starfsemi félaganna liggur óhemju mikið starf, leikmanna, þjálfara, stjórnarmanna og annara aðstand-enda félaganna og að öllu leiti ólaunað nema þjálfaranna. Kann U.M.S.K. öllum þakkir fyrir þeirra tillegg til íþrótt-á sambandssvæðinu og þá athygli sem þeir hafa vakið á sér og íþróttum almennt.

28. Íþróttamót.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir íþróttamótum sem U.M.S.K. stóð fyrir á starfsárinu.

I. Frjálsíþróttamót.

1. Viðavangshlaup U.M.S.K. fór fram í Kópavogi 14. marz í umsjá Umf. Breiðabliks. Keppendur voru 8, 5 frá Breiðabliki og 3 frá Stjörnunni. Auk þess keppti Ágúst Ásgeirsson í.R. sem gestur. Sigurvegari varð Einar Óskarsson U.B.K. hljóp á 6.21,3 mín. og vann hann í fyrsta sinn bikar sem Rörsteypan h.f. í Kópavogi gaf til blaupsins. Hlaupstjóri var Sigurður Geirdal.

2. Innanhússmót U.M.S.K. í frjálsum íþróttum fór fram í Baldurshaga 23. apríl og í íþróttahúsi Kársnesskóla í Kópavogi 28. s.m. Keppendur voru 22 frá 3 félögum, Aftureldingu, Breiðabliki og Stjörnunni.

3. Viðavangshlaup skóla U.M.S.K. 1971. Laugardaginn 1. maí kl. 14.30 fór fram við Barnaskólann í Garðahreppi Skólahlaupt U.M.S.K. Framkvæmdaraðili var frjálsíþróttadeild Stjörunnar. Skráðir keppendur voru 64 drengir og stúlkur og luku öll keppni. Þátttakan var nokkuð góð miðað við, að keppendur komu aðeins úr skólum í Kópavogi og Garðahreppi. Stúlkur úr skólunum í Garðahreppi settu skemmtilegan svip á mótið með góðri þátttöku, og vonandi verða fleiri stúlkur með framvegis, einnig úr öðrum skólum á sambandsvæðinu.

4. Aldursflokkakeppni U.M.S.K. fór fram á Fífuhvammsvelli í Kópavogi 7. júní. Keppt var í 2 aldursflokkum, A flokki f. '57 og '58 og B flokki f. '59 og síðar. 35 keppendur tóku þátt í mótinu. Umf. Breiðablik sá um mótið og mótsstjóri var Hafsteinn Jóhannesson.

5. Héraðsmót U.M.S.K. fór fram á Ármannsvelli í Reykjavík 26. og 27. júní. Keppendur voru 26 frá Aftureldingu, Breiðabliki og Stjörnunni. Mótsstjóri var Guðmundur Guðmundsson en yfirdómari Hörður Ingólfsson.

6. B-mót U.M.S.K. var haldið á íþróttavelli Umf. Drengs við Félagsgarð í Kjós 22. ágúst. Var þetta fyrsta mótið sem fór fram á vellinum eftir gagngerar endurbætur, einnig var þetta fyrsta mót sinnar tegundar hjá U.M.S.K. Keppnisrétt höfðu þeir félagar innan sambandsins, sem ekki höfðu náð árangri sem gefur 550 stig samkvæmt stigatöflu á árunum 1970 og 1971.

Keppendur á mótinu voru 48 frá 5 félögum: Aftureldingu, Breiðabliki, Dreng, Umf. Kjalnesinga og Stjörnunni.

Úrslit í óformlegri stigakeppni urðu þessi:

1. Umf. Stjarnan	51 stig
2. Umf. Afturelding	42 stig
3. Umf. Breiðablik	27 stig
4. Umf. Drengur	22 stig
5. Umf. Kjalnesinga	1 stig

Ungmennafélagið Drengur sá um mótið, en mótsstjóri var Guðmundur Guðmundsson.

7. Fjölþrautarmót U.M.S.K. var haldið í Reykjavík 16. og 17. september með fjölþrautarkeppni Meistaramóts Íslands. Veður var mjög óhagstætt báða dagana. Í tugþraut hófu sex keppni en aðeins tveir luku henni. Sigurvegari varð Hafsteinn Jóhannesson U.B.K. hlaut 5629 stig sem er nýtt U.M.S.K. met. Annar varð Karl W. Fredriksen U.B.K. hlaut 4889 stig. Tvær stúlkur kepptu í fimmtarþraut. Sigurvegari varð Hafðís Ingvíðsdóttir hlaut 2619 stig.

Önnur frjálsíþróttamót, sem frjálsíþróttafólk U.M.S.K. tók þátt í.

1. Sveina og meyjameistaramót Íslands innanhúss fór fram í íþróttahúsi Kársnesskóla í Kópavogi og sá Umf. Breiðablik um mótið. Keppendur frá U.M.S.K. voru 16 og hlutu þrenn verðlaun.
2. Drengja og stúlkaameistaramót Íslands innanhúss í íþróttahúsi Háskólans 7. febrúar. Keppendur frá U.M.S.K. voru 7.
3. Meistaramót Íslands innanhúss var háð í Baldurshaga og Laugardalshöll 6. og 7. marz. Keppendur frá U.M.S.K. voru 19 og hlutu samtals 12 verðlaun, þar af 2 Íslandsmeistaratitla.
4. Þjóðhátíðarmótið 1971, haldið á íþróttaleikvangi Reykjavíkurborgar í Laugardal 15. og 17. júní. 19 keppendur frá U.M.S.K. hlutu alls 20 verðlaun.
5. Unglingameistaramót Íslands háð á Laugarvatni 3. og 4. júlí. 5 keppendur voru frá U.M.S.K. og hlutu 4 verðlaun. Fararstjóri var Guðmundur Guðmundsson.
6. Landsmót U.M.F.Í. á Sauðárkróki 13. og 14. júlí. Keppendur U.M.S.K. voru 24 og hlutu samtals 14 verðlaun og varð stigahæst með 102 stig.
7. Meistaramót Íslands í Reykjavík 17. - 19. júlí. U.M.S.K. átti 10 keppendur og 7 verðlaun.
8. Kvennameistaramót Íslands var haldið í Vestmannaeyjum 17. og 18. júlí. Keppendur frá U.M.S.K. voru 9 og hlutu 14 verðlaun þar af 3 meistaratitla. Fararstjóri var Sigurður P. Guðmundsson.
9. B-mót F.R.Í. haldið á Akureyri 24. og 25. júlí. Keppendur frá U.M.S.K. voru 6 og hlutu 6 verðlaun. Fararstjóri var Guðmundur Guðmundsson.
10. Andrésar Andar leikar F.R.Í. fóru fram á Melavellinum í Reykjavík 5. og 6. ágúst. Frá U.M.S.K. voru 8 keppendur og hlutu 7 verðlaun. Liðsstjóri var Júlíus Þrússon.

11. Þátttaka í ferð U.M.F.Í. til Danmerkur til keppni á landsmóti D.D.G.U. og D.D.S.G. 23. - 25. júlí. Keppendur frá U.M.S.K. voru 7.
12. Meistaramót yngri aldursflokka í Reykjavík 7. og 8. ágúst. Frá U.M.S.K. voru 24 keppendur hlutu 19 verðlaun þar af 9 meistaratitla.
13. Bikarkeppni F.R.Í. í Reykjavík dagana 28. og 29. september. Sigurvegari var U.M.S.K. Í liðinu voru 17 keppendur og hlutu 22 verðlaun.
14. Unglingakeppni F.R.Í. 20. og 21. ágúst í Reykjavík. U.M.S.K. átti 5 keppendur sem hlutu 9 verðlaun.
15. Keppnin Reykjavík - Landið fór fram í Reykjavík 11.-12.sept. Í „Lands“-liðinu voru 18 keppendur frá U.M.S.K.
16. Meistaramót Íslands síðari hluti fór fram í Reykjavík 16. og 17. september. Í tugþraut hófu 6 keppni frá U.M.S.K., en aðeins tveir luku henni, það voru þeir Hafsteinn Jóhannesson, sem varð 4. og Karl W. Fredriksen sem varð 5. Í fimmtarþraut kvenna voru tveir keppendur frá U.M.S.K. Björg Kristjánsdóttir sem varð 2. og Hafdís Ingimarsdóttir sem varð 3. Í 4x800 m boðhlaupi varð sveit U.M.S.K. önnur.
17. Fimmtudagsmót F.R.R., lið U.M.S.K. tók þátt í þeim öllum, einnig sá Umf. Breiðablik um mótin til jafns við Reykjavíkurfélögin.

II. Knattspyrnumót U.M.S.K.

Innanhússmót U.M.S.K. fór fram í Íþróttahúsi Kópavogs við Kársnesskóla þann 20. marz. Keppt var í 3. 4. og 5. flokki karla. Þrjú félög tóku þátt í mótinu. Umf. Breiðablik, Umf. Stjarnan og Íþróttafélagið Gróttá. Úrslit urðu þau að Umf. Breiðablik vann í 4. og 5. flokki en Umf. Stjarnan í 3. flokki.

Í mótslok fór fram verðlaunaafhending og afhenti formaður sambandsins Sigurður Skarphéðinsson þrjá fallega verðlaunagripi, er U.M.S.K. hafði gefið.

Utanhússmót U.M.S.K. fór fram á tímabilinu ágúst - september og var keppt heima og heiman.

Þátttakendur voru sömu aðilar og í innanhússmótinu þ.e. Umf. Breiðablik, Umf. Stjarnan og Íþróttafélagið Gróttá. Sigurvegarar urðu Umf. Breiðablik í öllum flokkum en í öðru sæti komu Umf. Stjarnan í öllum flokkum og í þriðja sæti Íþróttafélagið Gróttá í öllum flokkum.

Verðlaunin voru afhent á mótsstöðum í lok hvers úrslitaleiks. Verðlaunin voru 3 bikarar er U.M.S.K. gaf.

III. Handknattleiksmót U.M.S.K.

Handknattleiksmót U.M.S.K. fór fram í aprílbyrjun í Íþróttahúsi Seltjarnarness og í Íþróttasal Kársnesskóla í Kópavogi. Keppt var í III og IV flokki karla og í II og III flokki kvenna. Í þriðja flokki tóku 4 félög þátt, þ.e. Stjarnan, Breiðablik, H.K. og Gróttta. Sigurvegari varð Breiðablik.

Í IV flokki kepptu sömu félög auk Aftureldingar sem er nú að koma upp handbolta liði. Sigurvegari í þeim flokki varð H.K.

Í kvennaflokkunum kepptu 3 félög, Breiðablik, Gróttta og Stjarnan. Sigurvegari í II flokki varð Stjarnan en Breiðablik í þriðja.

Keppt er um bikara sem U.M.S.K. gaf auk bikars sem Álafoss h.f. gaf.

29. Íþróttir fyrir alla. (Trimm).

Eitt af fyrstu verkefnum sambandsstjórnar s.l. vetur var að tilnefna svo kallaða Trimmnefnd, eftir ósk og ábendingu Í.S.Í. Í nefndina voru tilnefndir þeir sr. Bragi Friðriksson, Jón Árm. Héðinsson og Stefán Finnbogason. Verksvið hennar skyldi vera að vera tengiliður milli Í.S.Í. og almennings á sambandssvæðinu með því m.a. að hafa samband við sambandsfélögin, dreifa kynningarefni sem Í.S.Í. gefur út og stofna til umræðu og fundarhalda um Trimm.

Umf. Stjarnan var það félag sem einna mest beitti sér fyrir að fá fólk til að Trimma, með því að auglýsa fjölda Trimm undir leiðsögn Íþróttakennara. Annars virðist fólk kjósa að fara einförum og þá helst eftir að dimma tekur.

U.M.S.K. og félögin þurfa að gera stór átak við að fá fólk til að stunda Íþróttir sér til heilsuþótar og ánægju.

30. Getraunir.

Sala getraunaseðla gefur félögunum drjúgar tekjur og þá einnig sambandinu, því það fær 3% af brúttósölu. Sala getraunaseðla jókst mikið fyrri hluta árs, en hefur heldur dregist saman eftir sumarhléið. Hér fer á eftir skrá yfir sölu félaganna: Frá 1. ján. til 24. okt. s.l. eða 32 leikvikur.

Félag:	Fjöldi miða:	Brúttó sala:	Hlutur félaga:	Hlutur U.M.S.K.
U.M.F.A.	3784	Kr. 94.600.-	Kr. 23.650.-	Kr. 2.838.-
U.B.K.	39704	" 992.600.-	" 248.150.-	" 29.778.-
U.M.F.S.	3281	" 82.025.-	" 20.506.-	" 2.460.-
Í.G.	2188	" 54.700.-	" 13.675.-	" 1.641.-
H.K.	1719	" 42.875.-	" 10.740.-	" 1.286.-
Í.G.K.	823	" 20.575.-	" 5.144.-	" 617.-
Samt.	51499	Kr.1.287.475.-	Kr.321.869.-	Kr. 38.620.-

31. Félagsmálamaður ársins 1971.

Nefnd sú er skyldi velja Félagsmálaman ársins 1971, en hana skipa þeir er hafa fengið verðlaunin þrjú s.l. ár, kom saman í október s.l. Varð nefndin sammála um að Pálmi Gíslason úr Umf. Breiðabliki skyldi hljóta heiðurinn að þessu sinni. Pálmi er vel að þessum verðlaunum kominn, hann hefur unnið að félags- og íþróttamálum í Kópavogi um 10 ára skeið af miklum dugnaði, verið einn af driftarfjöðrum frjálsíþróttadeildar Breiðabliks frá stofnun hennar. Hann hefur lengi verið í varastjórn U.M.S.K. og setið í fjölmörgum nefndum á á vegum þess og sumarið 1968 var hann framkvæmdastjóri sambandsins. Sumarið 1969 var Pálmi kosinn varamaður í stjórn U.M.F.Í. og hefur tekið virkan þátt í stjórnarstörfum þar og ekki legið á liði sínu frekar en annars staðar.

32. Íþróttamaður ársins 1971.

Nefnd sú sem kjósa á íþróttaman ársins er skipuð átta mönnum, sex skipuðum af sambandsstjórn auk sambandsformanns og framkvæmdastjóra. Nefndin í ár var skipuð í októberbyrjun. Hver nefndarmaður kýs sex menn á þar til gerðan kjörseðil. Efsti maður á seðlinum fær 7 stig, annar 5 stig, þriðji 4 stig o.s.frv.

Úrslit kosningarinnar í þetta sinn varð þannig að Hafdís Ingimarsdóttir frá Breiðabliki fékk lang flest stig eða 40 samtals. Er hún því kosin íþróttamaður ársins 1971. Er hún mjög vel að þessu sámdarheiti komin.

Önnur sem stig hlutu voru þessi:

Kristín Björnsdóttir	U.B.K.	26 stig.
Stefán Stefánsson	U.B.K.	21 "
Ragnheiður Pálsdóttir	Stjarnan	20 "
Einar Óskarsson	U.B.K.	19 "
Hafsteinn Jóhannesson	U.B.K.	19 "
Karl Stefánsson	U.B.K.	16 "
Haraldur Erlendsson	U.B.K.	12 "
Guðmundur Ingvason	Stjarnan	2 "
Arndís Björnsdóttir	U.B.K.	1 "

33. Afreksbikar Gests Guðmundssonar.

Bikar þennan gaf Gestur Guðmundsson í fyrra. Keppa skal um bikarinn árlega á héraðsmóti U.M.S.K. í frjálsum íþróttum.

Sá einstaklingur, er flest stig hlýtur í 3 greinum samantlagt, hlýtur bikarinn til varðveislu fram að næsta héraðsmóti. Séu tveir eða fleiri jafnir að stigum skal sá hljóta bikarinn er flest stig fær úr viðkomandi greinum, skal farið eftir gildandi stigatöflu.

Bikarinn vinnst til eignar, ef hann vinnst þrisvar í röð eða fimm sinnum alls.

Í fyrra var hann veittur í fyrsta sinn var það Trausti Sveinbjörnsson sem vann hann. Á héraðsmótinu í sumar varð Hafdís Ingimarsdóttir stigahæst og hlýtur því bikarinn að þessu sinni til varðveislu fram að næsta héraðsmóti.

34. Frá starfssemi félaganna.

Umf. Bessastaðahrepps. Félagið er stofnað 1929, félagsmenn eru um 50 talsins. Félagið hafði s.l. vetur „opið hús“ fyrir unglinga annan hvern fimmtudag. Þar var dansað, hlustað á plötur, teflt, spilað og leikið bob o.fl. Einn dansleikur var haldinn í fyrra vetur.

Íþróttavöllur er enginn en afnot af túni fengust í sumar. Þar var æfð knattspyrna og handbolti stúlkna tvisvar í viku. Ekki tekið þátt í mótum.

Umf. Kjalnesinga. Félagið stofnað 1938, félagar 44. Lítið félagslíf er hjá félaginu enda fátt um ungt fólk á Kjalarnesi. Einn dansleikur var haldinn á Fólkvangi s.l. vetur. Á sunnudagsmorgna æfðu nokkrir Badmington í félagsheimilinu. Íþróttæfingar eru engar, þó er einn efnilegur íþróttamaður hjá félaginu, Stefán Tryggvason og vann hann það eina stig, sem félagið fékk í B-móti U.M.S.K. í sumar.

Umf. Drengur. Stofnað 1915, félagar 128 talsins. Bridge var mikið spilað s.l. vetur og tekið þátt í bridgemóti U.M.S.K. Jólabball var haldið fyrir börn um jólaleitið. Íþróttir voru mikið stundaðar. Var fengin íþróttakennari fyrir stúlkur í tvo mánuði í sumar. Var æft tvisvar í viku og var mæting góð, 20 - 30 stúlkur og piltar á æfingu. Um 20 þátttakendur voru á B-móti U.M.S.K. sem félagið sá um. Var það fyrsta mótið sem fór fram á velli félagsins við Félagsgarð eftir gagngerar endurbætur. Unnið er við viðgerð á félagsheimilinu sem er eign Drengs. Gengur það hægt, aðallega vegna fjárskorts. Félagar úr Dreng stunduðu æfingar í starfsíþróttum og tóku þátt í Landsmótinu í sumar.

Umf. Afturelding. Félagar í Aftureldingu hafa stundað íþróttir við erfiðar aðstæður. Viðgerð á íþróttavelli félagsins stendur yfir og háir það allri starfsemi. Um 100 piltar og stúlkur stunda handbolta og sækja æfingar til Reykjavíkur og út á Seltjarnarnes fjórum sinnum í viku. Einnig stunda „old boys“ innanhússknattspyrnu einu sinni í viku.

Knattspyrna var æfð í sumar á grasflötum við Varmárvöll, tvisvar í viku. Glíma var æfð í marz, apríl tvisvar í viku. Opið hús var tvisvar í mánuði í vetur, þar var dansað og hlustað á plötur, spilað og leiktæki notuð.

Frjálisar íþróttir voru æðar við Varmárvöll í sumar. Félagið hefur tekið þátt í ýmsum mótum í sumar, meðal annars fóru sex félagar á Landsmótið, fimm kepptu í starfsíþróttum og einn í frjálsum.

Um Hvítasunnuna tók félagið á móti Faxaflóaúrvalinu í knattspyrnu. Sá félagið um fæði og húsnæði fyrir þá í heimavistinni að Varmá, og léði þeim aðstöðu til æfinga. Þá komu félagar úr æskulýðsfélagi Garðakirkju gangandi frá Garðahreppi að Varmá og tók félagið á móti þeim og var keppt við þá í íþróttum. Hópfærið var farin á Landsmótið á Sauðárkróki með U.M.S.K. Farið var í Landgræðsluferð að Þingvöllum á vegum U.M.S.K. og sáð í vegkanta við Hafravatn. Félagsmála-skóli U.M.F.Í. starfar hjá félaginu nú í haust og eru þátttakendur um 20.

Íþróttafélagið Gróttu.

Ef drepið er á helztu þætti í starfsemi félagsins á því ári sem nú er að líða, verða að sjálfsögðu fyrst fyrir þær íþróttagreinar sem innanhúss eru stundaðar, en ástæðan fyrir því hlýtur að vera vegna þeirra aðstæðna sem hrepps-félagið hefur upp á að bjóða.

Svo sem kunnugt er, hefur félagið lagt stund á handknattleik, knattspyrnu, körfuknattleik, skák og fleira, en það hefur sýnt sig að árangur sumra greina er betri heldur en annara, eins og oftast vill verða. Ef lítið er á greinarnar hverja um sig, kemur í ljós að á sviði handknattleiks hefur árangurinn orðið beztur sem að sjálfsögðu stafar af þeirri innanhússaðstöðu sem félagið hefur. Ekki hefur skort fjölda unglinga til knattspyrnuíðkana, en árangurinn frekar slakur, svo ekki sé meira sagt. Ástæðu þess má að sjálfsögðu rekja til fleira en eins, en þó er það trú flestra félagsmanna að það stafi af því að enn þá hefur félagið ekki fengið aðstöðu til knattspyrnuíðkana á sómasamlegum velli.

Þriðja dæmið um hve góð aðstaða er mikilsverð, kemur svo í körfuknattleiknum. Á síðastliðnum vetri ákvað stjórn félagsins að hefja íðkun körfuknattleiks og ákvað að byrja með hinn svo kallaða „Minni bolta“ fyrir yngstu íðkendurna og sjá hver árangur yrði. Ástæðan var augljós, aðstaðan var fyrir hendi. Árangurinn varð sá að í móti sem félagið tók þátt í ásamt flestum Reykjavíkurfélaganna, komst félagið í úrslit og þurfti tvo leiki til að endanleg úrslit fengjust, en þau urðu Í.R. í hag, en litlu piltarnir í Minni Bolta Gróttu fengu fagran verðlaunagrip sem „önnur verðlaun“. Til gamans má geta þess að þetta er annar gripurinn sem félagið vann til eignar, sá fyrri hafði fengið fyrir handknattleik.

Af þessu má sjá hve brýnt hagsmunamál það er fyrir félagið að fá betri aðstöðu fyrir aðrar íþróttagreinar, svo sem knattspyrnu og frjálsar íþróttir, svo félagarnir geti náð þeim árangri sem hæfileikar þeirra verðskulda og geta um leið veitt félögum sínum úr öðrum byggðarlögum þá samkeppni sem þeir góðu gestir eiga skilið.

Eigi mun nú ástæða til að láta stutt ágrip sem þetta hljóma sem kvörtunarbréf, því sannast sagna er starfsemi félagsins á mörgum sviðum með miklum blóma. Þó hefur talsvert skort á að nægilegir starfskraftar hafi fengið til að sinna hinum ýmsu störfum félagsmálanna, því eins og þeir vita sem að þeim vinna, er það starf margfalt meira heldur en íþróttaiðkanirnar sjálfar. Starf að félagsmálunum sjálfum er skemmtilegt, en tímafrekt og erilsamt, en með mörgum samstilltum höndum, vinnst slíkt oftast hverjum létt.

Sala getraunaseðla hefur ekki gengið of vel hjá félaginu og má þar einkum um kenna það starfskrafta eins og að ofan er nefnt, en með samstilltu átaki hafa félög náð undraverðum árangri í nýtingu þessarar tekjulindar íþróttahreyfingarinnar.

Stjórn félagsins bindur nú miklar vonir við þá fjölmörgu ungu pilta sem að miklu leyti alast upp undir handarjaðri félagsins og hyggur gott til starfskrafta þeirra að félagsmálum er fram líða stundir.

Hér hefur verið stiklað á stóru um starfsemi íþróttafélagsins Gróttu. Ekki hefur hér verið minnst á tölur, árangra, nöfn meistara eða þess háttar, ágrip þetta er ekki vettvangur fyrir slíkt. Heldur hafa hér komið fram hugleiðingar um ýmislegt, sem betur mætti fara, því það hljóta að vera þau verkefni sem vinna skal að.

Ungmennafélagið Breiðablik.

Innan Ungmennafélagsins Breiðablik eru starfræktar 6 íþróttadeildir, sund, frjálsar íþróttir, knattspyrna, handknattleikur, glíma og körfuknattleikur. Deildirnar hafa sér stjórn og fjárráð og skipuleggur hver deild sína starfssemi. Deildarformenn sitja stjórnarfundum félagsins, og með því fast mokuð gott yfirlit yfir starfsemina hverju sinni, og stjórnir deilda fá með þeim hætti að fylgjast með störfum aðalstjórnar.

Á þessu ári var íþróttastarfsemi félagsins með mesta móti, þetta kemur fram m.a. í aukinni tölu félagsmeðlima, svo og þáttum árangri í íþróttum.

Meistaraflokkslið félagsins í knattspyrnu keppti í fyrsta sinn í 1. deild Íslandsmótsins, og hlaut 10 stig, sem nægði liðinu til setu í deildinni næsta ár.

Það er mjög þýðingarmikið fyrir þetta unga lið, og félagið í heild að halda þessu sæti, og gefur knattspyrnumönnum tækifæri til meiri sóknar, um leið og það er fjárbagslegur ábati fyrir félagið. Yngri flokkar tóku þátt í Íslandsmótinu, og var árangur samilegur. Þá voru send lið til keppni á Reykjanesmótið, Gróttumótið og U.M.S.K.-mótið, svo eitthvað sé nefnt. Meistaraflokkur hefur leikið 2 leiki í Bikarkeppni K.S.Í., sem nú stendur yfir, og hefur unnið báða þessa leiki. Sýnir þetta að liðið er í sókn.

Á sviði frjálsíþróttar hefur mikið verið unnið á þessu ári. Þátttaka var með mesta móti í Landsmóti U.M.F.Í., og átti félagið marga sigurvegara á mótinu. Félagið hlaut nokkra Íslandsmeistara í sumar, og sett voru nokkur Íslandsmet. Í Bikarkeppninni sem sambandið vann að þessu sinni, voru allir keppendur úr Breiðabliki, sem kepptu fyrir hönd U.M.S.K., að einum undanskyldum, sem keppti aðeins í einu boðhlaupi, á þessu sést bezt, hve sterku frjálsíþróttaliði félagið hefur á að skipa. Í víðavangshlaupi Í.R. og drengjahlaupi Ármanns vann félagið tvær sveitir í hvoru hlaupi. Auk þessa tók frjálsíþróttafólkið þátt í öllum stærstu mótum sumarsins, og átti sigurvegara í fjölda greinum.

Sex ungmenni í frjálsum íþróttum tóku þátt í vinabæjar-móti í Noregi, í boði Kópavogsbæjar. Þá átti félagið marga keppendur í hópi ungmennafélaganna sem tóku þátt í fjölmennu íþróttamóti Dönsku ungmennafélaganna, sem haldið var þar ytra í sumar.

Í sundi hafa verið miklar framfarir á árinu, þátttakan í Landsmótinu ber þess glöggt vitni, því öll stig sambandsins í sundi voru unnin af sundfólki Breiðabliks.

Í handknattleik og körfuknattleik eru ekki eins miklar framfarir, en fjöldi félagsmanna iðkar þessar íþróttagreinar, bæði karlar og konur.

Glíma hefur verið iðkuð hjá félaginu í nokkur ár, og eru efnilegir unglingar þar á ferð, sem eiga eflaust eftir að koma við sögu síðar.

Félagið hafði að vanda marga hæfa íþróttapjálfara í sinni þjónustu á þessu ári.

Íþróttastaðan í Kópavogi hefur lítið batnað á árinu, að vísu var knattspyrnuvöllur félagsins nokkuð endurbættur, en ekki fékkst að leika þar 1. deildar leikina í sumar. Íþróttasvæði frjálsíþróttamanna hefur ekkert verið endurbætt á árinu, og þjónar það ekki nema að nokkru leiti þeim skylirðum sem þurfa að vera fyrir frjálsíþróttir.

Hins vegar hefur verið byrjað á framkvæmdum nýs íþróttasvæðis í Fífuhvammadal, sem að vísu eru skammt á veg komnar, en miklar vonir eru bundnar við þetta svæði í framtíðinni. Þar er atlaður knattspyrnuvöllur með aðstöðu fyrir frjálsar íþróttir.

Í íþróttahúsunum í Kópavogi fer æfingátímum félagsins fækkandi, og hafa íþróttamenn af því miklar áhyggjur. Úr því rætist ekki fyrr en aukið verður við íþróttahúsnæðið, sem sagt byggingu nýs húss.

Innan Breiðabliks er samstaða og samstarfið mjög gott, og léttir það störfin að sjálfsögðu mikið.

Kópavogsbær veitti félaginu rýflegan styrk á árinu, sem nam kr. 625.000.00, aðrar tekjur félagsins voru mun meiri, og má segja að fjárhagur félagsins sé góður.

Í þessari skýrslu er stíklað á nokkrum atriðum í starfi Breiðabliks á þessu ári, sem við töljum eðlilegt að komi fram í ársskýrslu sambandsstjórnar.

Handknattleiksfélag Kópavogs er yngsta félagið innan U.M.S.K., gekk í sambandið á síðasta sambandsþingi. Félagið var stofnað í janúar 1970 og eru félagar nú um 60 talsins. Eins og nafnið bendir til er handbolti eina íþróttagreinin sem stunduð er. S.l. vetur æfðu III. og IV. flokkur karla og keppti á Íslandsmótinu. Félagið vann sinn riðil í IV. flokki og keppti til úrslita við Víking en tapaði með litlum mun. Einnig tók liðið þátt í U.M.S.K. mótinu í handbolta og vann þar í IV. flokki karla. Félagið átti einn keppanda á Landsmóti U.M.F.Í. í sumar og keppti hann í línu-beitingu. Sex félagar fóru í landgræðsluferð á vegum U.M.S.K. til Þingvalla í sumar, einnig var farið í gróðursetningarferð upp í Lækjarbotna á vegum Skógræktarfélags Kópavogs.

Eins og fleiri félögum í Kópavogi háir þrengsli í íþróttahúsum bæjarins starfseminni, en vonandi rætist úr því með nýju húsi.

Umfr. Stjarnan er stofnað 1960 og er félagatalan orðin á annað hundrað. Starfsemin hefur að mest öllu leiti byggst á íþróttastarfsemi, þó voru haldnir tveir dansleikir á s.l. vetri til fjáröflunar. Félagið starfar í þremur deildum: Knattspyrnudeild, handknattleiksdeild og frjálsíþróttadeild.

Félagið tók þátt í Íslandsmóttinu í knattspyrnu á s.l. sumri í öllum flokkum. Meistaraflokkur báði harða baráttu í III. deild og urðu aðrir í sínum riðli. Á Reykjanesmóttið voru sendir II, III, IV, og V flokkur og unnu í IV. flokki. Á U.M.S.K. móttinu urðu strákarnir aðrir í öllum flokkum, sem keppt var í. Einnig var tekið þátt í Gróttumóttinu. Einn félagi, Guðmundur Ingvason var valinn í Faxaflóaúrval og unglíngalandsliðið. Í handbolta var tekið þátt í Íslandsmóttinu og Reykjanesmóttinu í öllum flokkum nema meistara-flokki. Einnig var tekið þátt í U.M.S.K. móttinu.

Af starfi frjálsíþróttadeildar ber efling á Trimmi almennings best. Um miðjan janúar s.l. stóð félagið fyrir fjöldatrimmi á íþróttasvæðinu. Hafði áður verið sent bréf til hreppsþúa og það boðað til íþróttavallarins sunnudaginn 17. janúar í þeim tilgangi að fríska sig og skokka undir leiðsögn íþróttakennara. Fjöldi manns mætti og var skokkað tvisvar í viku til vors.

Félagið sá um viðavangshlaup skóla s.l. vor fyrir hönd U.M.S.K. og átti marga þátttakendur þar, meðal annars margar stúlkur.

Haldið var svo kallað sumarmót á vegum æskulýðsfélaganna í Garðahreppi. Þátttakendur voru á öllum aldri og keppt í frjálsum, handbolta og knattspyrnu. Þátttaka var mjög mikil.

Í B-mótti U.M.S.K. varð félagið stiga best og átti 14 keppendur. Á Landsmótti U.M.F.Í. átti félagið tvo keppendur annan í frjálsum hinn í starfsíþróttum.

Mikill hugur er nú í félögum um eflingu félagsins enda er nógur efniviður fyrir hendi.

REKSTRARREIKNINGUR UNGMENNASAMBANDS

Gjöld:

I. Skattar og iðgjöld.

1. Skattur til f.S.f.	Kr.	3.750.00	
2. Slysasjóðsgjald	"	7.500.00	
3. Skattur til U.M.F.f.	"	2.655.00	Kr. 13.905.00

II. Stjórnarkostnaður.

1. Laun framkvæmdastjóra	Kr.	170.950.00	
2. Aksturskostn. framkv.stj..	"	33.000.00	
3. Sími og burðargjöld	"	15.144.70	
4. Keypt húsgögn	"	5.700.00	
5. Húsaleiga	"	16.960.00	
6. Ritföng, pappír, fjölr. o.fl.	"	14.690.80	Kr. 256.445.50

III. Íþróttir.

1. Verðlaun	Kr.	30.770.00	
2. Húsaleiga	"	5.400.00	
3. Laun fyrir kennslu	"	28.130.00	
4. Keppnisstjórn í bridge ...	"	2.000.00	
5. Þáttg.j. í Meistaram. Ísl.	"	240.00	
6. Ferðakostnaður	"	56.026.00	
7. Ýmis kostnaður	"	8.586.00	Kr. 131.152.00

IV. Landsmót U.M.F.f.

1. Mötuneyti U.M.F.f.	Kr.	33.027.50	
2. Ferðakostn. 104 s. 62.400.-			
÷ hluti þátttak. 50.400.-	"	12.000.00	
3. Flutningur á vörum	"	6.500.00	
4. Ýmis kostnaður	"	14.864.30	Kr. 66.391.80

V. Sumarnámskeið barna.

1. Laun starfsfólks	Kr.	92.000.00	
2. Mötuneyti	"	46.421.20	
3. Auglýsingar	"	8.048.00	
4. Kvikmyndir og sími	"	1.642.00	Kr. 148.111.20

VI. Blað U.M.S.K.

1. Prentunarkostnaður	Kr.	114.000.00	
2. Blaðamannavinna og myndir.	"	3.000.00	
3. Myndamót o.fl.	"	4.737.80	Kr. 121.737.80

VII. Ýmis kostnaður.

1. Akstur vegna landgræðslu .	Kr.	4.780.00	
2. Mynda og gripaútstilling .	"	6.015.00	
3. Íþróttabúningar	"	34.775.00	
4. Vaxtakostnaður	"	7.793.00	
5. Skuldir frá fyrra ári	"	24.411.00	
6. Ýmislegt	"	4.340.00	Kr. 82.114.00

Kr. 819.857.30

Mismunur " 5.001.10

Kr. 824.858.40

KJALARNESÞINGS 1971.

Tekjur:

I. Skattar og iðgjöld.

1. Skattur 581 fé1.1970 15/-	Kr.	8.715.00	
2. Landsmótsskattur " "	"	8.715.00	
3. Slysasjóðsgjald f.S.f.10/-	"	5.810.00	Kr. 23.240.00

II. Styrkir.

1. Kjósarsýsla	Kr.	80.000.00	
2. Gulibringusýsla	"	40.000.00	
3. Kjósarhreppur	"	17.000.00	
4. Kjalarneshreppur	"	4.000.00	
5. Mosfellshreppur	"	25.000.00	
6. Seltjarnarneshreppur	"	30.000.00	
7. Kópavogskaupstaður	"	75.000.00	
8. Garðahreppur	"	22.000.00	
9. Bessastaðahreppur 1970	"	5.000.00	
10. Búnaðars.b.Kjalarn. '70-'71	"	6.000.00	
11. Getraunir ág. '70-júni '71.	"	43.894.50	Kr. 347.894.50

III. Blað U.M.S.K.

1. Seldar auglýsingar	Kr.	220.702.00	Kr. 220.702.00
-----------------------------	-----	------------	----------------

IV. Sumarnámskeið barna.

1. Þátttökugjald	Kr.	112.500.00	Kr. 112.500.00
------------------------	-----	------------	----------------

V. Vextir.

1. Vextir af sögusjóði	Kr.	85.70	
2. Vextir af landsm.sj.	"	503.50	Kr. 589.20

VI. Öðrar tekjur.

1. Þátttökugjöld íþróttafél..	Kr.	13.055.00	
2. Seldir íþróttabúningar ...	"	13.200.00	
3. Seld afrekaskrá	"	300.00	
4. Skuldir frá 1968	"	1.795.00	Kr. 28.350.00

Lán frá Samvinnubanka	Kr.	20.000.00
Lán frá Búnaðarbanka	"	10.000.00
Peningar frá fyrra ári	"	61.582.70

Kr. 824.858.40

EFNAHAGSREIKNINGUR UNGMENNASAMBANDS

Eignir:

I.	1. Eignir samkvæmt skrá	Kr.	8.150.00		
	÷ 10% afskrift	"	815.00	Kr.	7.335.00
	2. 15 ípróttabúningar 1100/- .			Kr.	16.500.00
II. Peningar.					
	1. Sögusjóður	Kr.	467.70		
	2. Landsmótssjóður	"	124.90		
	3. Ávísanareikningur	"	2.885.00		
	4. Fé hjá gjaldkera	"	1.523.50	Kr.	5.001.10
III. Útistandandi skuldir					
	1. Einstaklingar	Kr.	1.500.00		
	2. U.M.F. Drengur 65 fél. '71.	"	2.600.00		
	3. U.M.F. Kjalarn. 33 fél. '71.	"	1.320.00		
	4. U.M.F. Afture. 142 fél. '71.	"	5.680.00		
	5. Ípr.fél. Gróttu. 104 fél. '71	"	4.160.00		
	6. U.M.F. Breiðab. 226 fél. '71	"	9.260.00		
	7. Handkf. Kópav. 7 fél. '71..	"	280.00		
	8. U.M.F. Bessast. hr. 41 fél. '71	"	1.640.00		
	9. U.M.F. Stjarnan 60 fél. '71.	"	2.400.00		
	10. Augl. í blaði U.M.S.K. '71	"	700.00	Kr.	29.540.00
				Kr.	58.275.10

KJALARNESÞINGS 1971.

Skuldir:

1. Samvinnubankinn	Kr.	20.000.00
2. Búnaðarbankinn	"	10.000.00
3. Símakostnaður	"	10.219.00
4. Opinber gjöld	"	3.086.00
5. Prentunarkostnaður	"	6.678.00
	Kr.	49.983.00
Hrein eign	"	8.392.10

Kr. 58.275.10

Guðmundur Gíslason
gjaldkeri.

Hef yfirfarið reikningana og ekkert
fundið athugavert, tel þá rétta.

Valdastöðum 24. okt. 1971.
Ólafur Ág. Ólafsson.
(sign.)

Hef farið yfir framanskráða reikninga
U.M.S.K. fyrir 1971 og tel þá rétta.

Tröllagili 27. okt. 1971.
Lárus Halldórsson.
(sign.)

EIGNIR U.M.S.KJALARNESÞINGS 1971.

Bókfært verð.

2 bikarar pr. 1971.			
14 verðlaunagripir á skrifst.			
1 stitta á skrifstofu			
2 litlar fánastangir			
6 bikarar í keppni			
15 borðfánar 50/-	Kr.	750.00	Kr. 675.00
1 félagsfáni og stöng 1000/- .	"	1.000.00	" 900.00
2 kasthr. hjá Aftureld. 50/- .	"	100.00	" 90.00
1 málb. hjá Karli Stef. 100/-.	"	100.00	" 90.00
1 skeiðkl. hjá Karli St. 250/-.	"	250.00	" 225.00
1 skeiðkl. hjá Dreng 250/- ...	"	250.00	" 225.00
1 skrifborð á skrifst. 5000/-.	"	5.000.00	" 4.500.00
1 skrifstofustóll 700/-	"	700.00	" 630.00
÷ 10% afsláttur	"	815.00	
			Kr. 7.335.00
1 ípróttabún. '68 1100/-	Kr.	1.100.00	
14 ípróttabún. '71 1100/-	"	15.400.00	Kr. 16.500.00

2 ípróttabúningar frá
1963 tapaðir.
1 ípróttabúningur frá
1971 tapaður.

Samkv. ábendingu Guðjóns Hjartarsonar, er
hér færð skrá yfir eignir U.M.S.K., sem áður
hafa aðeins verið færðar í einni.

27. október 1971,
Lárus Halldórsson.

11
5

11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
64
65
66
67
68
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
91
92
93
94
95
96
97
98
99
100

11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
29
30
31
32
33
34
35
36
37
38
39
40
41
42
43
44
45
46
47
48
49
50
51
52
53
54
55
56
57
58
59
60
61
62
63
64
65
66
67
68
69
70
71
72
73
74
75
76
77
78
79
80
81
82
83
84
85
86
87
88
89
90
91
92
93
94
95
96
97
98
99
100